



## Stjórnarfundur AKÍS

**Staður og tími:** Google Hangout - 21.6.2016 kl. 18:00

**Mætt:**

Einar Gunnlaugsson (EG), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Þórður Bragason (ÞB), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Sigurður Gunnar Sigurðsson (SGS), Ragnar Róbertsson (RR)

**Fjarverandi:**

Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMÞ), Ari Jóhannsson (AJ), Jón Rúnar Rafnsson (JRR), Magnús Á Ástráðsson (MÁÁ)

ÞA ritaði fundargerð.

---

### 1. Agamál vegna Bíladaga

Umræður urðu um hegðan nokkurra keppenda í drifti á bíladögum á Akureyri í síðustu viku. Ljóst er að hegðan þessara keppenda hefur mikil áhrif á það hvort bæjar- og löggæsluyfirvöld á Akureyri muni heimila bíladaga að ári.

Í framhaldi af því hefur stjórn AKÍS ákveðið að:

- a) bætt verði í keppnisreglur og mótakerfi AKÍS ákvæði um að skráðir keppendur heimili að lögregla megi uppvísa keppnishaldara um umferðarlagabrot sem komið geta niður á viðkomandi keppenda og hann framdi á meðan keppninni stóð
- b) BA sendir lista af nöfnum keppenda sem tóku þátt í þessum akstri til AKÍS sem kemur málinu áfram til aganefndar

### 2. Öryggismál

**Tæknimál** - bætt verði inn í keppnisreglur að öryggisfulltrúi og skoðunarmaður skoði keppnistæki sem lenda í slysi og sendi skýrslu á stjórn AKÍS.

**Ljósmyndarar** - útbúa þarf yfirlýsingu til að láta ljósmyndara skrifa undir. Þeir þurfa að hlýða starfsmönnum eða vera vísað af svæðinu. Einar sendir yfirlýsingu sem BA notar og fleiri félög gætu nýtt sér.

**Áfallahjálp** - þarf að vera í boði fyrir keppendur, starfsmenn og aðra sem lenda í slysi. ÞA fylgir eftir að þeir sem lentu í slysinu á Akranesi fái áfallahjálp þegar þeim hentar.

### 3. Women in Motorsport

Katrín María Andrésdóttir er fulltrúi AKÍS í FIA Women in Motorsport Council. Stjórn samþykkir þátttöku hennar í ráðstefnu 7.-8. október 2016 í Lissabon.

### 4. Erindi frá Víkurfréttum

Samþykkt að Víkurfréttir verði með beina útsendingu á Youtube LIVE frá torfærukeppni í Stapafelli þann 16. júlí 2016.



Efni úr útsendingunum er notað á vef Víkurfretta og í sjónvarpsþætti frá Suðurnesjum sem birtur er á sjónvarpsstöðinni ÍNN og vf.is.

**5. Sandspyrna - Breyting á flokkaskilgreiningu**

Ákvörðun frestað til næsta fundar stjórnar.

**6. Önnur mál**

**Stjórnarfundir** - Huga þarf að mætingu ásamt tæknilegum tengingum, svo sem hljóðnemunum á stjórnarfundum.

**Keppnisráð** - breytingar á skipun í ráð séu tilkynnt með skýrum hætti. Hugmynd um að keppnisráð hittist til dæmis í lok formannafundar.